

Hvernig sérð þú heiminn?

Markmið 10: Aukinn jöfnuður

Undirmerki 10.2: Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.



Markhópur:

Grunn- og framhaldsskólar

Markmið:

Að skilja hvernig önnur börn lifa á mismunandi stöðum í heiminum. Að fræðast um líf skjör annarra.

Aðferð:

Skoða myndir og giska á hvar í heiminum börnin eiga heima. Ræða og bera saman við líf okkar hér á Íslandi. Horfa á myndskreið um Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, un.is/skolavefur.

Tímanotkun:

60 mínútur

Fyrsta skref:

Skoða myndskreiðið „We the people“ þar sem sagt er frá öllum heimsmarkmiðunum 17 um sjálfbæra þróun.

<https://www.youtube.com/watch?v=RpqVmvMCmp0>

- Af hverju finnst þér mikilvægt að horfa á þetta myndskreiði?

Annað skref:

Farið inn á vefsvæðið: <http://jamesmollison.com/books/where-children-sleep/>

Vinnið saman tvö og tvö. Veljið þrjár mismunandi myndir.

Svarið þessum spurningum:

- Af hverju veljið þið þessar þrjár myndir?
- Er eitthvað á myndunum sem er eins og í svefnherberginu ykkar?
- Hver er mesti munurinn?
- Skriðu sex setningar um eitt barnanna. Hver er hún/hann? Hvað dreymir hún/hann um í herberginu sínu?

Þriðja skref:

Það dregur úr fátækt í heiminum. Fleiri ganga í skóla og hafa ráð á að kaupa mat. Markmiðið er að útrýma örbirgð fyrir árið 2030.

- Vinnið saman tvö og tvö. Hvað verðið þið orðin gömul árið 2030?
- Hvernig haldið þið að börnunum á myndunum líði þá?
- Hvernig getum við aukið réttlæti í heiminum?

Fjórða skref:

- Teiknaðu mynd af því hvernig þér finnst að svefnherbergi barns eigi að líta út.
- Talið um teikningarnar ykkar í bekknum.
- Segið frá því hvað þarf til að sérhvert barn eigi gott líf. Hvaða heimsmarkmið eru þá mikilvæg?